Súðavíkurhreppur

# Umsókn um stöðuleyfi

Skilti, gáma, báta, hjólhýsa, torgsöluhúsa eða þessháttar.

Reitur 1 - 3 útfyllist af umsækjenda

| Mótt. | Nr. umsóknar | Afgr. |
|---|---|---|
| | | |
| Afgreiðsla byggingafulltrúa | | |
| ☐ Samþ. | ☐ Hafnað | |
| Gildistími stöðuleyfis gildir frá og með | | |
| | | |

**1. Umsækjandi:**

| Nafn umsækjenda / eigenda | Kennitala | Heimilisfang | Póstnr. |
|---|---|---|---|
| | | | |
| | | | |

**2. Sótt er um stöðuleyfir fyrir:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| ☐ Gáma | ☐ Báta | ☐ Hjólhýsi | ☐ Torgsöluhús |
| ☐ Fjöldi | ☐ Fjöldi | ☐ Fjöldi | ☐ Annað ________ |

**3. Lóð og staðsetning:** ***Afstöðu/-grunnmynd sem sýnir staðsetningu og fjölda skal fylgja með umsókn.***

| Heiti/staðsetning | Nr. | Staðgreinir | Starfsemi |
|---|---|---|---|
| | | | |

**4. Skýring:** ***Ástæða umsóknar og annað sem umsækjandi vill koma á framfæri við afgreiðslu málsins.***

| |
|---|
| |
| |
| |
| |

**5. Leiðbeiningar til umsækjenda:**

Súðavíkurhreppur leitast við uppfylla þarfir einstaklinga og fyrirtækja samhliða því að skapa góða umgengni og ásýnd innan Súðavíkur. Reynslan sýnir að aðstæður og þarfir umsækjenda eru mjög misjafnar og mikilvægt að staðsetning þessara hluta ógni ekki öryggi þeirra sem um svæðið fara, valdi ekki umhverfinu skaða og skapi sjónmengun.

**Með vísan í byggingareglugerð 112/2012 um hjólhýsi, gáma, báta, torgsöluhús og þess háttar.**

Gr. 2.6.1.

*Umsókn um stöðuleyfi.*

Sækja skal um stöðuleyfi til leyfisveitanda til að láta eftirfarandi lausafjármuni standa lengur en tvo mánuði utan þeirra svæða sem sérstaklega eru skipulögð og ætluð til geymslu slíkra lausafjármuna:

a. Hjólhýsi, á tímabilinu frá 1. október til 1. maí.
b. Gáma, báta, torgsöluhús, frístundahús í smíðum, sem ætlað er til flutnings, og stór samkomutjöld.

Umsókn um stöðuleyfi skal vera skrifleg og undirrituð af eiganda eða ábyrgðarmanni viðkomandi hlutar og skal fylgja samþykki eiganda eða lóðarhafa þeirrar lóðar sem fyrirhugað er að lausafjármunirnir standi á. Í umsókn skal gerð grein fyrir tilgangi og lengd stöðuleyfis. Með umsókn skulu fylgja uppdrættir og önnur gögn sem nauðsynleg eru til að sýna staðsetningu, útlit og gerð, fyrirkomulag og öryggi lausafjármunanna.
Lausafjármuni skal staðsetja þannig að almenningi stafi ekki hætta af og ekki sé hætta á að eldur geti borist frá þeim í aðliggjandi hús. Ennfremur skal þess gætt að aðgengi slökkviliðs að aðliggjandi húsum sé ekki torveldað. Handhafi stöðuleyfis er ábyrgur fyrir því að ekki skapist hætta vegna lausafjármuna og er leyfisveitanda heimilt að krefja eiganda um gögn og rökstuðning þar að lútandi.Handhafi stöðuleyfis er ábyrgur fyrir því að hreinlætisaðstaða í og við lausafjármuni sem falla undir þessa grein uppfylli ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og ákvæði laga um fráveitur og laga, reglugerða og reglna um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum eftir því sem við á hverju sinni.
Stöðuleyfi skulu mest veitt til 12 mánaða nema ákvæði skipulags mæli fyrir um annað.